

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flutningsfyrirtækið skal skilgreina gjald fyrir tengingu við flutningskerfið, sbr. gr. 16a, 16b og 16c. Einnig skal flutningsfyrirtækið skilgreina gjald fyrir innmötun annars vegar og úttekt hins vegar á sérhverjum afhendingarstað flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir innmötun og úttekt á öllum afhendingarstöðum.

2. gr.

1. tl. 1. mgr. 16. gr. b. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækisins, sbr. reglugerð um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku nr. 192/2016 með síðari breytingum, er eftir skatt, þegar útreikningur er gerður. Ef um er að ræða tengingu við virkjun, skal miða við bæði veginn fjármagnskostnað vegna flutnings til dreifiveitna og veginn fjármagnskostnað vegna flutnings til stórnotenda, þar sem tekið er mið af hlutfallslegri skiptingu tekna þar sem horft er til orkuflutnings til dreifiveitna annars vegar og stórnotenda hins vegar á undangengnu ári. Ef um er að ræða tengingu við stórnotanda skal taka mið af vegnum fjármagnskostnaði vegna flutnings til stórnotenda.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 10. mgr. 9. gr., 11. mgr. 12. gr. a og 1. mgr. 45. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. júní 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingi Már Pálsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.